

Nd.

442. Frumvarp

til áfengislaga.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Áfengi telst samkvæmt lögum þessum hver sá vökvi, sem meira er í en 2¼% af vinanda að rúmmáli. Duft, kökur og annað, er þau efni eru í, sem sundur má leysa í vökva og hafa nefndan áfengisstyrkleika, skal fara með sem áfengan drykk.

II. KAFLI

Innflutningur áfengis.

2. gr.

Ríkisstjórninni einni er heimilt að flytja hingað til lands áfenga drykki eða áfengisvökva, hverju nafni sem nefnist. Áfengisverzlun ríkisins annast innflutninginn.

Sendiræðismönnum erlendra ríkja skal þó heimilt að flytja frá útlöndum hæfilegan áfengisforða til heimilisþarfa sinna án tollgreiðslu og álagningar, en tilkynna skulu þeir Áfengisverzlun ríkisins í hvert skipti, er innflutningur á sér stað.

3. gr.

Nú kemur skip frá útlöndum, og er skipstjóra þá skylt að tilkynna löggæzlumanni þegar í stað, eða um leið og hann sýnir skipsskjölin, hvort nokkurt áfengi sé í skipinu og hve mikið.

Nú hefir skipið áfengi frá útlöndum, sem ekki er flutt inn samkvæmt heimild í 2. gr., og skal þá löggæzlumaður á hinni fyrstu höfn, er skipið kemur til, setja embættisinsigli sitt fyrir hið aðflutta áfengi, og ábyrgist skipstjóri, að engu áfengi sé skotið undan innsigli og að innsigli séu ekki brotin eða af áfenginu tekið fyrr en skipið er alfarið frá landinu, enda gangi löggæzlumaður úr skugga um það, áður en skip lætur úr síðustu höfn, að innsiglin séu heil og ekkert hafi verið tekið af áfenginu. Þó má skipið hafa hæfilegan skipsforða af áfengi óinnsiglaðan til neyzlu handa skipverjum. En aldrei má gefa öðrum né selja af þeim forða.

Skrá yfir innsiglað áfengi og óinnsiglaðan skipsforða áfengis skal fylgja skipinu og samrit af skránni liggja hjá þeim, er innsiglaði.

Dómsmálaráðherra ákveður með reglugerð, hvað. teijast skuli hæfilegur skipsforði af vinum, svo og um varnir gegn misnotkun hans.

Löggæzlumaður skal jafnan rannsaka á fyrstu höfn, hvort áfengi er í skipi, hvort heldur skipið er islenzkt eða erlent. Hefir hann vald til þess að opna hirzlur skipverja og farþega og rannsaka aðra staði í skipinu, til þess að ganga úr skugga um, hvort áfengi sé þar.

Skipstjóri ber ábyrgð á brotum skipverja gegn þessari grein, en farþegar á farangri sínum.

Fyrirmæli þessarar greinar ná ekki til herskipa eða skemmtiferðaskipa.

4. gr.

Strandi skip hér við land og hafi meðferðis áfengi, eða berist þvílíkt vogrek á land, skal hreppstjóri í forföllum lögreglustjóra þá þegar taka áfengisilátin til varðveislu og innsigla þau. Hann segir lögreglustjóra tafarlaust til áfengisins, og kemur lögreglustjóri því til geymslu á óhultum stað.

Sé eigandi kunnur, skal tilkynna honum með fyrstu ferð um björgun áfengisins, ella skal auglýsa það eftir reglum um vogrek. Kjósi eigandi innan 12 mánaða frá tilkynningu að áfengið sé sent úr landi á hans kostnað eða selt Áfengisverzlun ríkisins fyrir það verð, er hún kann að bjóða, skal það gert, ella sé það eign ríkissjóðs. Sama er og ef eigandi gefur sig fram samkvæmt auglýsingu innan 6 mánaða frá birtingu hennar, og skal þá telja 12 mánaða frestinn frá því, að hann segir til sín.

Gefi enginn eigandi sig fram áður en hinn lögskipaði auglýsingafrestur er útrunninn, skal áfengið eign ríkissjóðs.

5. gr.

Enginn má taka við neinskonar ólöglega aðfluttu áfengi úr skipi hér við land eða í islenzkri landhelgi né heldur taka við áfengi á floti, hvort sem hann gerir það endurgjaldslaust eða gegn endurgjaldi.

Landhelgi telst samkvæmt þessum lögum 4 sjómilur á haf út frá stórraumsfjöruborði, og sé talið frá yztu skerjum og hólmum, er upp úr sjó koma, enda teljast firðir og vikur í landhelgi allt það, sem landmegin verður innan við beina línu, er dregin sé þar milli nesja, sem næst fjarðarmynni verða 12 sjómilur, og 4 sjómilur til hafs frá þeirri línu.

III. KAFLI

Tilbúningur áfengis.

6. gr.

Bannað er að brugga á Íslandi eða búa til áfenga drykki eða áfengisvökva og gera drykkhæft það áfengi, sem er eða gert hefir verið óhæft til drykkjar.

7. gr.

Upptæk skal gera og ónýta öll áhöld, sem nota á eða hafa verið notuð við bruggun eða tilbúning áfengra drykkja eða til þess að gera drykkhæft það áfengi, sem ódrykkhæft var. Áfengi það, sem búið hefir verið til eða aftur gert drykkhæft, skal og upptækt ásamt ilátunum. Andvirðið rennur í Menningarsjóð.

IV. KAFLI

Sala og veitingar áfengis.

8. gr.

Áfengisverzlun ríkisins annast sölu áfengis þess, sem ríkið flytur inn samkvæmt 2. gr. Ríkisstjórnin ákveður álagningu með hliðsjón af áfengisstyrkleika og innkaupsverði. Álagning á vín þau, er um ræðir í lögum nr. 3 4. apríl 1923, verður að vera innan þeirra takmarka, er þau lög setja.

9. gr.

Auk áfengis þess, sem um ræðir í lögum nr. 3 4. apríl 1923, er Áfengisverzlun ríkisins heimilt að selja annað áfengi á núverandi útsölustöðum í kaupstöðum landsins.

Ríkisstjórninni er og heimilt að setja á stofn nýja útsölastaði áfengis, en þó aðeins í kaupstöðum og kaupsýslunum. Áður en útsala er sett á stofn skal fara fram atkvæðagreiðsla kosningabærra manna í hreppi þeim eða kaupstað, sem í hlut á, og þarf $\frac{3}{5}$ hluta greiddra atkvæða til þess að útsala sé leyfð.

Nú hefir verið fellt með atkvæðagreiðslu að stofna útsölu samkvæmt framansögðu, og getur atkvæðagreiðsla þá ekki farið fram á ný fyrr en að tveimur árum liðnum.

10. gr.

Heimild til að selja aftur áfengi, er keypt hefir verið af Áfengisverzlun ríkisins eða útsölum hennar, hafa þeir einir, er hér greinir:

1. Lyfsalar og lækningar, sem rétt hafa til lyfjasölu, þó eingöngu þau vín, sem talin eru í lyfjaskrá, og aðeins til lyfja. Smáskammtalæknum, sem lækn-ingaleyfi hafa samkvæmt lögum, er og heimilt að selja smáskammtalyf með vinnanda í, enda fylgi pöntun þeirra meðmæli hlutaðeigandi lögreglustjóra og landlæknis.
2. Veitingastaðir þeir, sem rétt hafa til veitingar áfengra drykkja, þó aðeins til neyzlu á staðnum og með þeim takmörkunum, er veitingaleyfið og reglugerð ákveður.
3. Dómsmálaráðherra setur reglugerð um sölu vinnanda til eldsneytis, er gerður hefir verið óhæfur til drykkjar, svo og um vinnanda til iðnþarfa, efna-rannsóknna, náttúrugripasafna og annara verklegra nota.

11. gr.

Dómsmálaráðherra hefir heimild til að leyfa einu veitingahúsi í Reykjavík veitingaleyfi á áfengum drykkjum, sem til landsins er heimilt að flytja.

Í veitingaleyfi eða reglugerð skal ákveða skilyrði fyrir veitingasölu, þar á meðal um veitingatíma.

12. gr.

Dómsmálaráðherra setur reglugerð um sölu og veitingar vína samkvæmt þessum kafla. Ákveðið skal meðal annars í reglugerðinni, að áfengissölubúðir skuli lokaðar frá hádegi á laugardögum og aðfangadögum stórhátíða til kl. 9 að morgni næsta virkan dag.

Brot gegn ákvæðum reglugerðarinnar varða refsingu samkvæmt lögum þessum.

V. KAFLI

Meðferð áfengis í landinu.

13. gr.

Áfengi má ekki afhenda né veita neinum, sem er bersýnilega ölvaður, og ekki heldur yngri mönnum en 21 árs. Einnig er bannað að selja þeim manni áfengi, er sekur hefir gerzt um óleyfilega sölu eða aðra óleyfilega meðferð áfengis.

Áfengisauglýsingar eru bannaðar.

14. gr.

Allt það áfengi, sem Áfengisverzlunin lætur af hendi, skal merkt innsigli hennar. Finnist ólöglegt áfengi í vörzlum manns, skal honum skylt að færa sönnur á, hvernig hann hafi fengið það. Geri hann það ekki, skal hann sæta sektum samkvæmt 25. gr., ef ætla má að áfengið sé innflutt, en ella eftir 28. gr.

15. gr.

Með þeirri undantekningu, sem í 9. og 10. gr. segir, skal öllum óheimilt að veita, selja eða láta af hendi áfengi til annara manna gegn því, að gjald eða annað verðmæti komi fyrir.

16. gr.

Láti nokkur viðgangast ólöglegan tilbúning áfengis, ólöglega sölu eða geymslu þess í húsum sínum eða á landi sínu, skal hann sekur samkv. 31. gr. Sama refsing liggur við, ef skip, bátar eða flutningatæki eru með vitund og vilja eigandans notuð til geymslu, flutnings eða sölu ólöglegs áfengis.

Menn með lögregluvaldi, þar á meðal lögregluþjónar, hreppstjórar eða sérstakir löggæzlumenn, hafa vald til að hefja lögreglurannsókn, hver í sínu umdæmi, gegn þeim, sem staðnir eru að brotum á þessum lögum eða grunaðir um brot. Þeir hafa og vald til þess að rannsaka flutningatæki, svo sem skip, báta, bifreiðar, vagna o. s. frv., og stöðva þau á meðan á rannsókn stendur. Skyldir eru þeir að senda viðkomandi dómara þegar í stað skýrslu um rannsóknina og staðfest eftirrit af prófum, ef fram hafa farið, en dómari tekur málið til frekari meðferðar.

17. gr.

Bannað er að neyta áfengis í veitingastofum, veitingatjöldum eða öðrum stöðum, þar sem veitingar fara fram, sbr. þó 10. og 11. gr.

Ekkert félag manna má hafa um hönd í félagsskap áfengisveitingar né heldur má áfengisnautn fara fram í félagsherbergjum, hvort sem þau eru í húsi félagsins eða annara, nema leyfi lögreglustjóra komi til.

VI. KAFLI

Ölvun.

18. gr.

Hver sá, sem sökum áberandi ölvunar veldur óspektum eða hneyksli á almannafæri, opinberum samkomum eða skipum hér við land, skal sæta ábyrgð samkvæmt lögum þessum.

19. gr.

Hver sá embættismaður eða starfsmaður ríkisins eða opinberra stofnana, sem er ölvaður, þegar hann er að gegna embætti sínu eða starfi, skal sæta refsingu. Þriðja brot varðar frávikningu úr stöðunni um stundarsakir, eigi skemur en 3 mánuði, eða að fullu og öllu, ef miklar sakir eru. Sé um lækni að ræða, missir hann lækningaleyfi sitt ásamt embættinu.

Sömu refsingu skal hver sá læknir sæta, þótt hann sé ekki embættismaður, sem er ölvaður, þegar hann er að gegna læknisstörfum sínum, og kemur þá missir læknisleyfis um stundarsakir eða fyrir fullt og allt í stað embættis- eða sýslunarmissis.

20. gr.

Séu lyfsalar eða þjónar þeirra ölvaðir við störf sín, sæta þeir sömu refsingu og læknar.

21. gr.

Séu skipstjórar, stýrimenn, bátaformenn eða vélstjórar ölvaðir við störf sín á skipi, sem þeir eiga að stjórna, sæta þeir sömu refsingu og embættismenn samkvæmt 19. gr. Kemur þá missir réttar til skipstjórnar, stýrimennsku eða vélgæzlu, eftir því sem við á, í stað embættismissis eða sýslunarmissis.

22. gr.

Ef flugmenn eða bifreiðastjórar eru undir áhrifum áfengis við flug eða akstur, varðar það missi flug- eða ökuskirteinis um stundarsakir, þó eigi skemur en 3 mánuði, eða fyrir fullt og allt, ef miklar sakir eru eða brot er ítrekað.

Verði slys af völdum ölvaðs flugmanns, bifreiðarstjóra, skipstjóra eða stýrimanns, á öðrum mönnum, skal það jafnan varða missi flug-, öku-, skipstjóra- eða stýrimannsskirteinis fyrir fullt og allt.

23. gr.

Leiki vafi á um, hvort sakborningur samkv. þessum kafla sé undir áhrifum áfengis, skal úr því skorið með blóðrannsókn, er læknir framkvæmir.

VII. KAFLI

Áfengisvaðnir.

24. gr.

Ráðherra skal með reglugerð setja ákvæði um fræðslu í öllum skólum, er opinbers styrks njóta, um skaðleg áhrif áfengisnautnar.

VIII. KAFLI

Refsiákvæði.

25. gr.

Fyrir brot gegn 2. gr. skal refsa þannig:

1. Ef áfengi er flutt inn í því skyni að selja það eða veita fyrir borgun, þá varðar það sektum:

Fyrsta sinni	kr. 1000— 5000
Öðru sinni	— 2000—10000
Þriðja sinni	— 4000—20000

Auk þess greiðist í sekt 40 kr. á hvern lítra þess áfengis, sem innflutt er.

Sé um verulegt brot að ræða, má ennfremur dæma sökunaut í fangelsi, og skal það jafnan gert, þegar um margitrekað brot er að ræða.

Gerist skipstjóri eða skipverji á íslenzku skipi sekur um brot samkv. þessum lið, skal hann skráður úr skiprúmi og sviptur rétti til skipstjórnar eða lögskráningar á íslenzkt skip um tiltekinn tíma, ekki skemur en 6 mánuði, eða fyrir fullt og allt, ef um mjög stórfellt eða margitrekað brot er að ræða. Þegar refsingu samkvæmt þessari málsgrein er beitt, er heimilt að lækka að tiltölu aðra refsingu fyrir brotið, og jafnvel að láta hana niður falla, ef um smávægilegt brot í fyrsta sinn er að ræða.

Skip skal ávallt vera að veði til tryggingar greiðslu á sektum og málskostnaði, og má kyrrsetja það og selja, að undangengnu fjárnámi, til lúkn-inger hvortutveggja.

Flytji skip hingað ólöglega áfengi, svo að telja megi það verulegan hluta af farmi þess, skal skipið gert upptækt með dómi handa ríkissjóði.

Brot gegn 2. gr. telst fullframið, þegar áfengi það, sem til sölu eða veitinga er ætlað, er flutt inn í landhelgi.

2. Nú þykir eigi sannað, að áfengið sé flutt inn til sölu eða veitinga fyrir borgun, svo og þegar skipstjóri ber ábyrgð á broti skipverja, en er ekki við það riðinn að öðru leyti, þá varðar það sektum frá 100—3000 krónum. Auk þess greiðist í sekt 40 kr. á hvern lítra þess áfengis, sem innflutt er.

Jafnan skal hið ólöglega aðflutta áfengi verða eign ríkissjóðs.

26. gr.

Skýri skipstjóri lögreglustjóra, hreppstjóra eða sérstökum löggæzlumanni rangt frá um áfengi það, er hann hefir meðferðis, eða dragi að skýra frá áfengisbirgðum samkvæmt 2. gr., skal hann sekur um 500—5000 kr., liggi ekki þyngri

refsing við broti hans samkvæmt öðrum lagaákvæðum. Skip er að veði fyrir sektum og málskostnaði, eins og segir í 25. gr. 1., síðustu málsgrein.

Áfengi það skal gert upptækt, sem skotið var undan innsiglan eða vanrækt að skýra frá.

27. gr.

Brot gegn fyrri málsgrein 6. gr. varða refsingu samkvæmt 25. gr.

28. gr.

Brot gegn 6. gr. varða sektum, 500—5000 kr., og skal sökunautur enn fremur sæta fangelsi, ef áfengið hefir verið ætlað til sölu eða veitinga fyrir borgun og brot er ítrekað, eða miklar sakir eru að öðru leyti.

29. gr.

Misbeiti læknir lækningaleyfi sínu til þess að útvega mönnum áfengi til neyzlu, með því að láta af hendi áfengi eða áfeng lyf eða lyfseðil á áfengi án þess að áfengið sé nauðsynlegt til lækninga, skal hann við fyrsta brot sæta sektum, 200—2000 kr. Ítrekað brot varðar sektum 400—5000 kr.

Sama gildir um lyfsala og þjóna þeirra, ef þeir misnota aðstöðu sína til þess að selja mönnum áfengi til neyzlu.

Sé brot margítrekað, eða að öðru leyti stórfellt, skal auk sektar svipta sökunaut leyfi til þess að láta af hendi áfengi eða áfengisblöndur eða gefa út áfengis-seðla. Lágmark leyfissviptingarinnar skal vera 2 ár. Sé brot svo vaxið, að það falli undir ákvæði 31. gr. 2. málsgr., skal beita refsingu samkvæmt þeirri grein.

30. gr.

Misnoti veitingamaður, sem leyfi hefir til áfengisveitinga, leyfi sitt með því að veita áfengi á öðrum tímum eða á annan hátt en honum er heimilt, eða aðrar vintegundir, svo og með því að selja áfengi án þess að neytt sé á staðnum, varðar það refsingu samkvæmt 31. gr. og leyfissviptingu samkvæmt 32. gr.

31. gr.

Brot gegn ákvæðum 15. gr. varða sektum, 200—2000 krónum. Sé brotið ítrekað, varðar það sektum frá 400—5000 krónum.

Brjótí nokkur oftár ákvæði þessarar greinar eða geri sér að atvinnu sölu eða veitingar áfengra drykkja, varðar það, auk sektar, fangelsi allt að 3 mánuðum.

32. gr.

Verði maður, sem leyfi hefir til veitingasölu eða gistihúshalds samkvæmt lögum nr. 21 15. júní 1926, sekur um brot á ákvæðum 15. gr., varðar það refsingu samkvæmt 31. gr. Hafi brotið átt sér stað í sambandi við atvinnurekstur hans, skal hann auk refsingarinnar sviptur veitingaleyfi, í fyrsta sinn ekki skemur en einn mánuð, í annað sinn ekki skemur en 3 mánuði og í þriðja sinn að fullu og öllu.

Þjónustumenn sæta sektum, 50—1000 krónum.

33. gr.

Brot gegn ákvæðum 13. gr. varða sektum frá 25—500 krónum.

34. gr.

Brot gegn 16. gr. varða sektum 50—2000 kr. og ítrekað brot 100—4000 kr. Fjárnám fyrir sektum og kostnaði skal gera í bátum og flutningatækjum, sem notuð eru til ólöglegs áfengisflutnings.

35. gr.

Brjótí nokkur ákvæði 17. gr. 1. málsg. r., varðar það veitingasala, ef það er með vitund hans, 50—1000 kr. sekt og neytanda 25—500 kr. sekt. Þriðja brot varðar veitingasala missi veitingaleyfis.

Brot gegn 2. málsg. r. 17. gr. varðar félagsstjórn, þjónustumenn og neytendur 50—2000 kr. sektum.

36. gr.

Brot gegn 18. gr. varða sektum frá 25—500 kr., nema þyngri refsing liggvi við að öðrum lögum.

37. gr.

Brot gegn 19.—21. gr. varða sektum: Fyrsta sinn 100—500 kr. Öðru sinni 200—1000 kr. Þriðja sinni stöðu- eða starfsmissi samkvæmt ákvæðum áður-nefndra greina.

38. gr.

Sá, sem kemur því til leiðar með fortölum eða fjárframlögum, heitum, hótunum eða ráðum sínum, að 2., 5. gr. 1. málsg. r. eða 6. gr. þessara laga verði brotin, veitir til þess aðstoð í orði eða verki, tekur þátt í gróða af þeim brotum eða aðstoðar aðra til þess að halda þeim gróða, skal, þótt hann verði ekki talinn aðalmaður í verknaðinum, sæta sektum 50—4000 kr.

IX. KAFLI

Ýms ákvæði.

39. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna allar í Menningarsjóð.

Gera skal aðför hjá hinum seku til lúkningar sektum samkvæmt lögum þessum, og því aðeins skuln þeir afplána sektir í fangelsi, að fé þeirra hrökkvi ekki fyrir þeim.

40. gr.

Vinnuskylda má vera samfara afplánun sekta samkvæmt lögum þessum.

41. gr.

Fara skal með mál út af brotum á lögum þessum og reglum sem almenn lög-reglumál.

42. gr.

Lög þessi skal prenta á íslenzku, dönsku, þýzku, ensku og frönsku, og svo mörg eintök, að nægi til að senda umboðsmönnum ríkisins í öðrum löndum.

43. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 64 19. maí 1930, og öll þau lagaákvæði, er koma í bág við þessi lög.